

Miðvikudaginn 3. apríl 1940.

Nr. 11/1940. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Einari Jóhanni Jónssyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og að kærði verði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Það athugast, að rannsóknarlögreglan hefði átt að láta eftirlitsmenn bifreiða skoða bifreiðina þegar í stað, en ekki verður séð, að það hafi verið gert.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og að kærði, Einar Jóhann Jónsson, verði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar

og Guðmundar Í Guðmundssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 2. febr. 1940.

Ár 1940, föstudaginn 2. febrúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2626/1939: Valdstjórnin gegn Einari Jóhanni Jónssyni, sem tekið var til dóms 10. f. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Jóhanni Jónssyni, bifreiðarstjóra, Kárastíg 9 A hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. apríl 1912, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1931 $1\frac{1}{2}$ Sætt: 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1931 $2\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt fyrir áfengisbruggun.

1932 $1\frac{1}{2}$ Sætt: 1000 kr. sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.

1933 $\frac{5}{9}$ Kærður fyrir bruggun áfengis. Málið afgreitt til bæjarfógetans í Hafnarfirði.

1933 $1\frac{1}{2}$ Sætt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málsatvik eru þau, að 29. ágúst s. l. um kl. $4\frac{1}{2}$ e. h. ók bifreiðin R. 82 út af Þjóðveginum skammt vestan við Elliðaárnar. Kl. um 5 e. h. sama dag barst lögreglunni í Reykjavík fregn um þetta og fór (svo) þegar á vettvang, en þá var maður sá, sem stýrt hafði bifreiðinni, Einar Jóhann Jónsson, kærði í máli þessu, farinn í burtu af slysstaðnum. Lögreglan gerði strax ýmsar athuganir á slysstaðnum. Af hjólförum bifreiðarinnar sá hún, að bifreiðinni hafði verið ekið vestur Þjóðveginn eftir hægri vegkanti um 30 metra, þar næst á ská yfir veginn til vinstri um 20 metra, unz bifreiðin fór út af vinstra vegkanti. Vegkanturinn var þarna mjög lágur, en fyrir utan veginn var djúpur skurður, en milli hans og vegarins 2

metra breið grasflöt nærri slétt. Eftir henni hafði bifreiðin runnið 12.90 metra, en þá farið með vinstri hjólin út í skurðinn og runnið eftir skurðinum 11 metra með hægri hjólin uppi á grasflötinni, unz bifreiðin stöðvaðist með vinstra frambretti í syðri skurðbrúninni. Lá því bifreiðin að hálfu leyti niðri í skurðinum, er lögreglan kom á slysstaðinn, og var vinstra afturhjólið undan bifreiðinni. Á þessum stað er vegurinn sléttur, hallalaus og 7.30 metra breiður, mælt í yztu hjólför. Strax og lögreglan kom á vettvang, var hafin leit að kærða, og fannst hann hjá bifreiðinni kl. 6 e. h. sama dag. Virtist lögreglunni kærði vera undir áhrifum áfengis, og var hann því strax fluttur á Landspítalann og þar tekið sýnishorn af blóði hans, sem við rannsókn reyndist að innihalda 1.52% að áfengismagni. Með kærða í bifreiðinni, er slysið vildi til, var Garðar Jónsson, bróðir hans, og meiddust þeir hvor-ugur, en bifreiðin skemmdist töluvert. Kærði hefir ekki getað gert sér grein fyrir, af hverju útafaksturinn hafi stafað, en haldið því þó fram, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar hafi farið undan bifreiðinni, áður en hún fór út af veginum, og eftir slysið hafi það legið uppi á veginum um 10—12 metra fyrir aftan bifreiðina, en hann þá tekið hjólið og fært það til. Vitnin Einar Sigurðsson, Garðar Jónsson og Gunnlaugur Jónsson, en það eru einu vitnin, sem sáu slysið, hafa öll borið, að hjólið hafi eftir slysið legið rétt fyrir aftan bifreiðina. Og samkvæmt fyrrgreindum athugunum lögreglunnar á slysstaðnum hefir bifreiðin runnið 11 metra með bæði vinstri hjólin eftir skurðinum. Orsök slyssins verður því ekki talin sú, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar hafi farið undan henni. Kærði kveðst, skömmu áður en bifreiðin fór út af, hafa verið búinn að finna, að annaðhvort framhjólið var ekki í lagi. Kveðst hann hafa ekið á hægri vegkanti á 40 km hraða, eftir því sem hann gizkar á, því að hraðamælir var enginn á bifreiðinni. Beygði þá bifreiðin allt í einu til vinstri. Kveðst kærði þá hafa hemlað bifreiðina og hafa ætlað að reyna að halda henni inni á veginum, en það tókst ekki, og rann bifreiðin út af veginum vinstra megin. Kærði hefir viðurkennt, að bifreiðin hafi verið handhemlalaus þenna dag. Vitnið Garðar Jónsson kveðst allt í einu hafa orðið var við, að bifreiðin hlyktist niður að aftan. Við

það eða eftir það hafi kærði misst vald á bifreiðinni og þá engum togum skipt, að bifreiðin fór út af veginum. Kveður það kærða hafa ekið með 30—35 km hraða, en hemlar bifreiðarinnar hafi verið í ólagi. Vitnið Einar Sigurðsson hefir borið, að bifreiðinni hafi verið ekið greitt, og gizkar það á 60 km hraða, miðað við klukkustund. Vitnið Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn kveður vera ljóst af þeim athugunum, sem hann gerði á slysstaðnum og getið er um hér að framan, að bifreiðinni hafi verið ekið hart á undan útafakstrinum og að stjórn hennar hafi ekki verið örugg.

Kærði hefir undir öllum rekstri málsins haldið því fram, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis, er bifreiðarslys þetta varð. Hefir hann haldið því fast fram, að hann hafi slysdaginn eða dagana þar á undan ekkert áfengi bragðað, nema að hann hafi drukkið eina flösku af Egils pilsner með mat um kl. 12 á hádegi dag þann, er bifreiðarslysið átti sér stað. Vitnið Garðar Jónsson, bróðir kærða, hefir staðfest þetta og borið, að það hafi slysdaginn verið óslitið með kærða. Telur það óhugsandi, að það hafi ekki vitað um, ef kærði hefði bragðað annað áfengi en fyrrgreinda pilsnerflösku. Við rannsókn máls þessa hefir verið leitað álits Jóhanns Sæmundssonar læknis, og hefir hann borið fyrir rétti, að áfengismagn í blóði fullorðins manns geti aldrei farið yfir 0.6%, þótt innihaldi einnar flösku af islenzkum pilsner væri neytt nokkru fyrir blóðtökuna. Ennfremur hefir Eggert Steinþórsson læknir, sem tók sýnishorn af blóði kærðs, verið leiddur sem vitni og borið, að útilokað sé, að alkohol hafi við blóðtökuna komið í blóðsýnishornið. Eins og að framan er sagt, reyndist áfengismagn í blóði kærða vera 1.52%. Verður því að telja sannað, að kærði hafi neytt meira áfengis slysdaginn en hann hefir haldið fram og að hann hafi því skýrt rangt frá um þetta atriði. Framburður vitnisins Garðars Jónssonar hefir því ekki heldur reynzt réttur um þetta atriði.

Allmörg vitni hafa verið leidd í máli þessu og skal nú vitnaframburðurinn athugaður. Vitnið Jón Guðmann Jónsson sá kærða tilsýndar, en hafði ekki tal af honum. Kveðst það því ekkert geta sagt um, hvort kærði var undir áhrifum áfengis eða ekki. Vitnið Hávarður Markús Karlsson kveðst ekki hafa séð nein áfengisáhrif á kærða. Kveðst það ekki

hafa veitt kærða neina sérstaka athygli, en átt tal við hann, og kveðst ekki hafa fundið neina vinlykt út úr honum. Vitnið Guðmundur Kristjánsson, sem hjálpaði kærða til að draga bifreiðina upp á veginn, kveðst enga sérstaka athygli hafa veitt kærða og ekki veitt því eftirtekt, að hann væri neitt undir áhrifum áfengis. Enga áfengislykt fann það af kærða. Vitnið Ólafur Þórður Þorbergur Ágústsson Benediktsson ók kærða og Garðari Jónssyni inn undir Elliðaár. Kveðst það ekki persónulega hafa talað við kærða, heldur við Garðar. Engin áfengisáhrif kveðst það hafa séð á kærða, en ekki veitt honum svo mikla athygli, að það geti dæmt um, hvort hann var undir áhrifum áfengis eða ekki. Vitni þau, sem nú hafa verið nefnd, sáu öll kærða skömmu eftir slysið. Vitnið Sveinn Jónsson, sem er bróðir kærða, sá kærða um klukkutíma eftir slysið og talaði við hann. Kveðst það ekki hafa séð á kærða nein áfengisáhrif. Vitnið Hjalti Benediktsson sá kærða, þegar hann var að koma frá lögreglustöðinni og sýnishorn af blóði kærða hafði verið tekið. Ók vitnið þá kærða inn undir Elliðaár. Kveðst það ekki hafa séð neitt vín á kærða og ekki fundið af honum neina áfengislykt. Vitnið Ásgeir Jónsson talaði aðeins örfá orð við kærða kl. um 8 e. h. slysdaginn. Kveðst það ekki hafa séð nein áfengisáhrif á kærða, en tekur fram, að það hafi ekki veitt honum neina sérstaka athygli. Ennfremur hefir lögreglan yfirheyrt Gunnlaug Jónsson, sem sá kærða strax eftir slysið. Kveðst hann enga eftirtekt hafa veitt kærða og því ekkert tekið eftir, hvort á honum sáust vínáhrif eða ekki.

Vitnið Einar Sigurðsson sá bifreiðarslysið og kom strax á slysstaðinn. Kveðst það ekki hafa verið í nokkrum vafa um, að kærði var undir áhrifum áfengis. Allt útlit og framkoma kærða hafi sýnt það. Segir það, að töluverð áfengislykt hafi verið af kærða og að hann hafi verið þvældur og þrútin i andliti. Þá kveður vitnið, að framkoma kærða hafi sýnt, að hann var undir áhrifum áfengis, t. d. hafi kærði óskað aðstoðar þeirra, sem þarna komu að, til að ýta bifreiðinni upp úr skurðinum, en slíkt hafi verið ógerningur og náð engri átt. Telur vitnið, að engum ódrukknum manni mundi hafa dottið i hug að fara fram á slíkt. Hefir vitnið staðfest þenna framburð sinn með eiði. Vitnin Ingólfur Þorsteinsson lögregluþjónn og Ágúst Jónsson lögregluþjónn fóru að leita að kærða og fundu hann á slysstaðnum

um kl. 6 e. h. Kveður Ingólfur, að sér hafi virzt kærði vera undir áhrifum áfengis, hafi hann merkt það á allri framkomu kærða, sem hafi verið áberandi frekur í svörum og óskýr í hugsun. Áfengislykt fann vitnið ekki af kærða, en aftur á móti mjög sterka „Sen-Sen“lykt, og telur vitnið mjög algengt, að menn noti þetta „Sen-Sen“ til að drepa áfengislykt. Vitnið Ágúst Jónsson kveðst þekkja kærða, hafa oft talað við hann bæði drukkinn og ódrukkinn og viti því vel, hvernig kærði sé allsgáður og undir áhrifum áfengis. Kveðst vitnið ekki hafa verið í nokkrum vafa um, að kærði var undir áhrifum áfengis. Hafi kærði verið rauður og þrútin í andliti og megn „Sen-Sen“ lykt út úr honum. Framkoma kærða hafi öll borið þess merki, að hann væri undir áhrifum áfengis, því kærði hafi verið æstur, ósvifinn og mjög stórordur og orðljótur og að öllu leyti hagað sér eins og vitnið þekkir kærða, þegar hann sé drukkinn. Bæði framangreind vitni hafa staðfest þenna framburð sinn með eiði. Vitnið Sveinn Sæmundsson yfirlögregluþjónn, yfirheyrði kærða strax og fyrrgreindir lögregluþjónar komu með kærða á lögreglustöðina. Taldi þá vitnið, að kærði, sem var þrútin í andliti og með ruglingslegan hugsanagang, væri undir áhrifum áfengis, og lét því flytja hann strax upp í Landspítala, til þess að þar yrði tekið sýnishorn af blóði hans. Vitnið Karl Guðmundsson lögregluþjónn, sem þekkir kærða vel, bæði undir áhrifum áfengis og allsgáðan, talaði við kærða, meðan hann beið á lögreglustöðinni eftir að vera fluttur í Landspítalann. Kveður vitnið, að sér hafi virzt kærði vera undir áhrifum áfengis, og hafi það markað það af því, hvað kærði var ör. Vitnið Bjarni Eggertsson lögregluþjónn, sá kærða um sama leyti. Kveðst það ekki hafa talað við kærða, en veitt honum athygli og hlustað á samtal hans við Karl Guðmundsson lögregluþjón. Vitnið kveðst ekki hafa getað betur séð en að kærði væri talsvert undir áhrifum áfengis. Kærði hafi verið þrútin í andliti, hugsanagangur hans mjög ruglingslegur og öll framkoma bent til þess, að hann væri undir áhrifum áfengis. Vitnið Lárus Axel Helgason lögregluþjónn kveður að sér hafi virzt kærði vera undir áhrifum áfengis og fundið af honum áfengislykt, er þeir sátu saman í lögreglubílnum á leið upp í Landspítala. Vitnið Greipur Kjartan Kristjánsson lögregluþjónn, sem einnig var með í lögreglubílnum upp í Landspítala, kveðst ekki hafa

getað séð betur en að kærði væri undir áhrifum áfengis. Kveðst það hafa markað það á því, að kærði var rauður í andliti, augu hans gljáandi og hann hávaðasamur, en enga áfengislykt minnst vitnið að hafa fundið út úr kærða. Loks hefir vitnið Eggert Steinþórsson læknir, sem tók á Landspítalanum sýnishorn af blóði kærða, borið, að það hafi álitnið kærða vera undir áhrifum áfengis. Kveður vitnið, að kærði hafi verið mjög niðurdreginn og slappur í göngulagi, og linleiki hans hafi verið meiri en gerist um allsgáða menn.

Þrátt fyrir neitun kærða og framburð vitna þeirra, sem ekki hafa séð áfengisáhrif á kærða, og sem rakinn hefir verið hér að framan, verður að telja fullsannað með hinum eiddresta eindregna framburði hinna 5 lögregluþjóna og læknisins, áfengismagninu í blóði kærða og hvernig bifreiðarslys þetta atvikaðist, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar hann ók bifreiðinni R. 82 út af Þjóðveginum skammt fyrir vestan Elliðaárna hinn 29. ágúst s. l. Hefir kærði með þessu framferði sínu gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna. Þá hefir kærði einnig brotið gegn 6. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna með því að hafa engan hraðamæli í bifreiðinni og gegn 3. sbr. 14. gr. sömu laga með því að aka í handhемlalausri bifreið. Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann ber að svipta leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrm. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Einar Jóhann Jónsson, greiði 125 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. apríl 1940.

Nr. 6/1940. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.